

# Fundur 1

## Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn þann 29. janúar 2009 í Þjósárskóla kl. 17:00.

Mættir eru: Ingibjörg María Guðmundsdóttir skólastjóri, Bolette Höeg Koch og Hafdís Hafsteinsdóttir fulltrúar kennara, Bryndís Baldursdóttir fulltrúi starfsmanna, Birkir Prastarson og Ann Winter fulltrúar foreldra, Gerður Arna Guðjónsdóttir og Hrafnhildur Jóhanna Sigurðardóttir fulltrúar nemenda. Margrét Hrund Arnarsdóttir boðaði forföll.

### Þetta var gert:

#### 1. Hlutverk skólaráðs – reglugerð um skólaráð

Farið yfir hlutverk skólaráðs eins og það kemur fram í reglugerð um skólaráð nr. 1157.

Skólaráð samþykkir að stjórn nemendafélagsins ákvarði hvort fulltrúar nemenda mæti á fund skólaráðsins þegar dagskrá liggur fyrir.

#### 2. Starfsáætlun 2008-2009

Starfsáætlun Þjósárskóla lögð fram. Starfsáætlunin hefur verið samþykkt á kennarafundi og verður lögð fyrir skólanefnd 9. febrúar.

Skólaráð samþykkir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2008-2009.

#### 3. Almenni hluti skólanámskrár 2008-2009

Lögð fram almenni hluti skólanámskrár skólans. Fram kemur í henni markmið, starfshættir, sérkenni og mat. Skólanámskrá hefur verið samþykkt af kennurum. Skólanámskrá verður lögð fyrir skólanefnd 9. febrúar.

Skólaráð samþykkir almenna hluta skólanámskrár án athugasemda.

#### 4. Val á níunda fulltrúa í skólaráð

Samkvæmt reglugerð um skólaráð skulu fulltrúar velja einn aðila úr grenndarsamfélaginu sem níunda fulltrúa ráðsins.

Skólaráð ræddi hugsanlegan fulltrúa grenndarsamfélags.

#### 5. Fundartímar

Rætt um fundartíma skólaráðsins, boðun og undirbúning.

Ákveðið að fundartími verði á fimmtudögum kl. 17:00. Næsti fundur verður 5. mars. Boðun verður í tölvupósti tveimur dögum fyrir fund.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00

Ingibjörg María Guðmundsdóttir

Ann Winter

Birkir Prastarson

Bolette Höeg Koch

Bryndís Baldursdóttir

Gerður Arna Guðjónsdóttir

Hafdís Hafsteinsdóttir

Hrafnhildur Jóhanna Sigurðardóttir